

Meðmælandi



Er mikilvæg ábyrgð

Að vera í Lions Clubs International er mikil ábyrgð. LCI eru öflug samtök með langa sögu sem við erum stolt af. Kjarni þessa árangurs eru tryggir klúbbfélagar sem verja tíma í að hlúa að samfélaginu. Til að viðhalda hreyfingunni verða allir félagar í þínum klúbbi að bjóða og styðja nýja féлага.

Að mæla með nýjum félagum er meira en eitt skref. Að vera meðmælandi í Lions krefst þess að leika nokkur hlutverk:

- Ráðgjafi
- Gestgjafi
- Leiðbeinandi

Ráðgjafi

Nýir félagar eru lífæð klúbbs. Með þeim koma inn nýir hæfileikar, nýjar hugmyndir og nýr áhugi.

Leitaðu að áhugasömu, kraftmiklu fólki sem vill hafa áhrif á samfélagið.

Deildu áhuga þínum og þekkingu á Lions. Segðu þeim hvað Lionsklúbbar eru að gera á staðnum og á landsvísu. Sýndu þeim ...

- Greinar í Lionsblaðinu
- Umfjöllun dagblaða um starfsemi Lions
- Verkefni sem Lions hefur staðið fyrir eða styrkt.



Spurðu hvaða verkefni vekir áhuga þeirra, segðu frá starfi Lions á þínu svæði og að klúbburinn þinn gæti haft áhuga á að standa að nýjum verkefnum á svæðinu.

Vertu undirbúinn að svara spurningum þeirra um klúbbin þinn.

Bjóddu þeim á viðburði sem klúbburinn þinn styrkir.

Taktu á móti nýju félögum við innganginn, láttu þeim líða vel og kynntu þá fyrir öðrum Lionsfélögum.

Kynntu þeim kosti aðildar, eins og að kynna nýju fólk, byggja upp nýja færni og tilfinninguna sem fylgir því að hjálpa öðrum.

Gestgjafi

Að láta væntanlega félaga finna að þeir séu velkomnir og að þátttaka þeirra skipti máli. Sem gestgjafi:

- Bjóddu þeim á félagsfund og bjóddu þeim að sitja hjá þér.
- Passaðu að þeim finnist þeir velkomnir á fundinn. Kynntu þá fyrir klúbbsfélögum og gættu þess að þeir sitji við hlið áhugasamra félaga.
- Vertu búinn að biðja formann klúbbsins fyrir fund að leggja sig sérstaklega fram um að taka á móti væntanlegum félögum.
- Reyndu að láta þá taka þátt í fundarumræðunni. Leggðu til að þeir taki þátt í einu af verkefni klúbbsins sem rædd voru á fundinum.

Leiðbeinandi

Ábyrgð meðmælanda lýkur ekki þegar einstaklingur er gerður að félagi. Að hjálpa þeim að vaxa í hreyfingunni þýðir að þeir verði áfram félagar. Sem leiðbeinandi ættir þú að:

- Halda áfram að kynna nýju félagana fyrir öðrum Lionsfélögum og hjálpa þeim að líða sem hluta af hópnum.
 - Bjóða að fylgja þeim á fundi. Vertu í sambandi.
 - Ganga úr skugga um að þeir fái að tjá hugsanir sínar og hugmyndir.
 - Halda áfram að vera hvetjandi og bjóða ráð ef þarf.
 - Íhuga að fara í Leiðtogaskólann með nýju félögum, þar sem þið getið haldið áfram að vaxa sem Lions.
- Hvetja félagana sem þú studdir til að vera virkir og að uppfylla kjörorð Lions:

Við leggjum lið

